

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 8. maí 2009

Stýrivextir lækkaðir um 2,5%

Peningastefnunefnd Seðlabankans ákvað að lækka stýrivexti bankans um 2,5% í gær og standa þeir nú í 13,0%. Nefndin boðaði einnig umtalsverða vaxtalækkun í byrjun júní en þau áform eru vitanlega háð því að framvinda efnahagsmála verði á þá leið að slökun peningastefnu teljist raunhæf. Í þessu sambandi fylgist bankinn einkum með gengisstöðugleika krónunnar og aðgerðum í fjármálum hins opinbera. Verðbólguvæntingar álitur nefndin hóflegar og er raunar reiknað með því að tólf mánaða verðbólga verði komin nálægt markmiði bankans um 2,5% fyrri hluta næsta árs.

Lækkun Seðlabanka nú kemur ekki á óvart þó óneitanlega hefði hún mátt vera meiri til þess að auka flæði súrefnis inn í rekstrarumhverfi fyrirtækja, sem er bágborið þessa stundina. Miðað við verðbólguvæntingar eru raunvextir enn óþægilega háir og verða að lækka verulega og sem allra hraðast. Það er þó jákvætt, þegar horft er til ferlis vaxtalækkana síðustu mánuði, að þar gætir ákveðins stígandi, úr 1% í mars, 1,5% í apríl og 2,5% maí. Í ljósi þess að verðbólguþrýstingur er lítill um þessar mundir og að væntingar um verðbólguþróun eru mjög hóflegar, er gott svigrúm til áframhaldandi stíganda í vaxtalækkunum Seðlabankans. Vonir Viðskiptaráðs standa því til þess að í næsta skrefi, í júní, verði vextir lækkaðir undir 10%. Til skemmri tíma er þetta eitt helsta hagsmunamál íslenskra fyrirtækja og heimila.

Þá ber sérstaklega að fagna aðgerðum Seðlabankans er miða að því að losa erlenda aðila úr stöðum sínum í krónum án þess að gengið sé á gjaldeyrisforða bankans en bankinn áætlar að krónueignir erlendra aðila nemi 200-300 milljörðum. Viðskiptaráð hefur ítrekað talað fyrir mikilvægi þess að erlendir eigendur krónueigna verði losaðir úr stöðum sínum með einum öðrum hætti, enda er óvissa í þessum málum eitt af því sem stendur í vegi fyrir afnámi gjaldeyrishafta. Fjallað er ítarlega um afnám hafta og leiðir að því markmiði í nýlegri skoðun Viðskiptaráðs, Afnám hafta og lækkun vaxta sem nálgast má [hér](#).

Hagur af upplýsingagjöf og gagnsæi

Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs ritaði eftirfarandi grein í Markað Fréttablaðsins fimmtudaginn 7. maí síðastliðinn:

Hagur af upplýsingagjöf og gagnsæi

Skilvirk miðlun upplýsinga er ein af grunnforsendum þess að frjáls markaður fái þrífist með eðlilegum hætti. Sú krafa sem uppi hefur verið í samfélaginu um aukið gagnsæi með bættu aðgengi að upplýsingum á öllum sviðum er því bæði sjálfsögð og æskileg. Það er til að mynda eðlileg krafa til stjórnvalda að upplýst sé um raunverulega stöðu hagkerfisins og fyrirætlanir til framtíðar. Það er einnig eðlilegt, eins og ítrekað var krafist fyrir síðustu kosningar, að stjórnvaldaflokkar geri grein fyrir framtíðarstefnu í helstu hagsmunamálum íslenskra heimila og fyrirtækja, t.a.m. hvað varðar peningastefnu, ríkisfjármál, atvinnustefnu og hlutverk ríkisins í atvinnurekstri. Skilvirk upplýsingamiðlun

um helstu hagsmunamál eykur líkur á að þátttakendur í hagkerfinu taki skynsamur ákvarðanir byggðar á réttum forsendum, hvort sem um er að ræða einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir eða stjórnvöld. Þannig er hlutaðeigandi gert kleift að leggjast markvisst á árarannar og búa í haginn til framtíðar, fyrir sig og fyrir hagkerfið í heild. [Lesið áfram...](#)

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Rétt er að taka það fram að hér er hvorki um ítarlega né tæmandi greiningu að ræða, heldur samantekt sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand héraendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Seðlabankinn lækkaði vexti um 2,5% á fimmtudag** og standa þeir nú í 13,0%. Á nokkrum síðustu vikum hafa stýrivextir lækkað úr 18% í 13% og bankinn boðar auk þess umtalsverða vaxtalækkun í byrjun júní. Unnið er að aðgerðum til að losa erlenda eigendur krónueigna úr stöðum sínum án þess að gengið sé á gjaldeyrisforða Seðlabankans.

- **Gengi krónunnar hefur hækkað talsvert á erlendum mörkuðum** og það má túlka á þá leið að erlendir aðilar líti bjartari augum til íslensks efnahags. Gengið erlendis nálgast því gengið á innlendum gjaldeyrismarkaði.

- **Vöruskipti við útlönd voru jákvæð um 2,3 milljarða í apríl** en á sama tíma í fyrra var þau neikvæð. Það sem af er ári eru vöruskipti við útlönd jákvæð um tæpa 17 milljarða.

- **Gistinóttum á íslenskum hótélum fjölgaði í mars** miðað við sama tímabil í fyrra. Aukning er í bókunum ferðamanna til landsins og útlit fyrir að ferðaþjónusta muni eiga mjög gott sumar.

- **Verðþróun hlutabréfa á erlendum mörkuðum er að snúast til betri vegar.** Flestir markaðir hafa hækkað talsvert síðustu vikur.

- **Það styttist í málefnasamning nýrrar ríkisstjórnar** og þá ættu meginlínur í efnahagsstefnu nýrrar ríkisstjórnar að skýrast og um leið sýn til framtíðar.

- **Erlendir aðilar sýna íslenskum fyrirtækjum áhuga**, bæði til samstarfs og fjárfestinga. Marorka gerði stóran samning við norska fyrirtækið Kongsberg og gerir ráð fyrir fjölgun starfsfólks í kjölfarið. Einnig var gerð grein fyrir áhuga bandarískra fjárfesta á Geysi Green Energy sem eru jákvæð tíðindi.

- **Dregið hefur úr atvinnuleysi á milli mánaða** í fyrsta sinn frá því í október á síðasta ári. Samkvæmt

Vinumálastofnun fækkaði atvinnulausum um á annað hundrað frá byrjun apríl fram í byrjun maí.

Góða helgi.